

ARÐSKRÁ

Veiðifélags Hallár

samþykkt á fundi félagsins þ. 25. mars 1978.

Bergstaðir	7.3%
Bláland	11.0%
Hafursstaðir	8.5%
Kjalarland	24.4%
Sæunnarstaðir ½	4.9%
Sæunnarstaðir ½	4.9%
Vakursstaðir	7.3%
Vindhæli	29.3%
Þverá	2.4%
	<hr/>
	100.0%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðueytið, 17. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir

17. janúar 1979.

Nr. 93.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag um ána Hallá í Vindhælishreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélag Hallár.
Heimili þess og varnarþing er í Vindhælishreppi A-Hún.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að ánni Hallá, en þær eru: Hafursstaðir, Kjalarland og Vindhæli á Skagaströnd, Bláland, Vakursstaðir, Sæunnarstaðir, Bergsstaðir og Þverá og teljast þær síðasttöldu í Hallárdal, og eru allar í eyði.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem þar til boðaður fundur ákveður hverju sinni. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, er vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda á tímabilinu milli áramóta og páska ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkv. XVI. kafla laga nr. 76 1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðueytið, 17. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um framlög atvinnurekenda til lífeyristrygginga skv. 20. gr. sbr. 25. gr., og iðgjöld til slysatrygginga samkv. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög nr. 59/1978.

I. KAFLI

Um gjald til lífeyristrygginga skv. 25. gr. laga um almannatryggingar.

1. gr.

Um gjaldskyldu til lífeyristryggingaiðgjalds skv. 25. gr. almannatryggingalaga.

Þeir sem hafa í þjónustu sinni launþega, sem falla undir ákvæði 29. gr. almannatryggingalaga skulu standa skil á framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga, skv. 20. gr. laganna.

Þeir aðilar, sem greinir í b.—f. liðum 1 mgr. 29. gr. og í 30. gr. eru ekki gjaldskyldir að því er varðar eigin störf eða nám.

2. gr.

Gjaldstofn lífeyristryggingaiðgjalds.

Gjaldstofn lífeyristryggingaiðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t. d. í hlunnindum skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum, sbr. reglugerðir og starfsreglur, sem settar eru með stoð í þeim lögum.